

Jón R. Hjálmarsson og Ólafur Túbals

Sumarið 2020 verður eftirminnanlegt í Múlakoti af ýmsum ástæðum. 26. júlí mættu þar um 200 manns í blíðviðri til að minnast brautryðjandans mikla í garðrækt, Guðbjargar Þorleifsdóttur, en þá voru liðin 150 ár frá fæðingu hennar.

Veðrið hefur leikið við okkur í sumar, sól og blíða og rigning bara svona í hæfilegu magni, allt hefði verið hið ákjósanlegasta fyrir ferðalanga ef.....


Já, það er þetta stóra EF, gestir í Múlakoti hafa verið næstum eins sjaldgæfir og hvítir hrafnar þetta sumarið. Það kom aðeins einn hópur í heimsókn snemma í vor, ólíkt því sem var í fyrrasumar þegar fjöldi manns skoðaði garðinn á eigin vegum og hóparnir voru nálægt því 10. Að vísu býður svona lítill gestagangur uppá betri möguleika til að rabba við gestina og segja frá fleiri hlutum, fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott.

Það var þó einn gestur sem tengdi saman bæði sumurinn. Sumarið 2019 kom hann í u.þ.b. 20 manna hópi starfsfélaga hjá Árnastofnun en árið 2020 með tveimur vinkonum, sem verið var að kynna töfra svæðisins.

Nú gafst tími til að rabba og auðheyrt var að gesturinn þekkti vel til, bæði undir Fjöllunum og í Fljótshlíðinni. Skýringin kom þegar hann kynnti sig: Halldóra Jónsdóttir frá Skógum, dóttir hjónanna Guðrúnar Hjörleifsdóttur og Jóns R. Hjálmarssonar.

Halldóra sagði að í fjölskyldunni hefðu varðveist þrjú vatnslitaverk eftir Ólaf Túbals. Hún sendi mér svo myndir af þessum verkum ásamt mynd af olíumálverki sem Þórhallur Friðriksson í Skógum fékk Túbals til að mála af Hólaskógi á Rangárvöllum. Þessar myndir eru birtar á heimasíðu Múlakots.

Þ



Hinar þrjár myndirnar eru allar vatnslitamyndir, misstórar. Tvær þeirra eru málaðar eftir beiðni eigenda, Jóns R. Hjálmarssonar og Guðrúnar Hjörleifsdóttur, konu hans. Stærst er myndin af Skógum, með Eyjafjallajökul í baksýn. Þar var starfssvið Jóns nær óslitið frá 1954 – 1975. Jón var skólastjóri Héraðsskólans á Skógum og langþekktastur af þeim góðu mönnum sem þar stóðu við stjórnvölinn. Jón var síðan fræðslustjóri Suðurlands í 15 ár. Á sínum tíma var Jón einn dádasti leiðsögumaður Suðurlands, þekkti hverja þúfu, sagði mjög vel frá og hafði einstakt lag á að tengja saman nútíð og fornsögurnar, og hafði mikið dálæti á Njálu. Hann tók fjölmörg útvarpsviðtöl við Sunnlendinga og birti á bókum og einnig liggja eftir hann vinsælar ferðamannabækur. Jón lést 2018.



Samtíma Jóni á Skógum var safnamaðurinn Þórður Tómasson og með þeim var náið samstarf, þar sem Jón var formaður stjórnar Skógasafns. Saman stóðu þeir að útgáfu ársritsins Goðasteins í 25 ár frá árinu 1962. Goðasteinn kemur enn út.

Jón var fæddur 1922 í Bakkakoti í Vesturdal í Skagafirði og sem sannur Skagafirðingur var hann búfræðingur frá Hólum og stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri en háskólamenntun sína hlaut hann í Osló. Sem vitni um hve Skagafjörður var Jóni kær fékk hann Ólaf Túbals til að mála eitt höfuðjásn Skagafjarðar, Mælifellshnjúk.



Þriðja vatnslitamyndin, sem Jón fékk að gjöf, sýnir hins vegar myndefni af svæðinu, vinnuvélar á Markarfljótsaurum með jökultungur Mýrdalsjökuls í baksýn. Baráttan við að hemja fljótið á sér langa sögu. Markarfljót er meðal lengstu auravatna landsins þar sem rennur um 40 km leið til sjávar um sléttlendi. Fljótið ber með sér aur og grjót sem fellur út í farveginn og það slær sér því til sitt á hvað. Fyrstu árangursríku tilraunirnar til að stjórna rennsli fljótsins gerðu Eyfellingar um aldamótin 1900. Næstu áratugina herjaði það á Fljótshlíðina og braut þar land af stöðugt meiri krafti. Árið 1930 var mjög minnisstætt Múlakotsbændum þar sem fljótið herjaði á túnin. Eitt sinn sem oft var heimilismenn í austurbænum að snúa heyrni niðri á túni en fóru heim í matarhlé. Þegar komið var aftur til vinnu var allt horfið, flekkurinn, heyrni og amboðin. Þar var fljótið að verki. Í tengslum við brúarbygginguna á Markarfljóti 1933-1934 voru miklir garðar reistir á svæðinu við Dímon. Þá var tækjavæðing Vegagerðarinnar mjög skammt á veg komin eins og sést á myndum, helstu áhöldin voru hjólbörur og skófla.



Það var ekki fyrr en 1946 sem Háamúlagarðurinn var gerður, en þá voru komnar til landsins “stórvirkar“ vinnuvélar, mikilvæg afleiðing hernámsins. Sá garður beindi fljótinu frá túnnum Innhlíðunga. Á sjötta áratugnum voru svo gerðir garðar við Þórólfsfell, málverk Ólafs tengist líklega þeirri vinnu, enda er baksvið myndarinnar auðþekkt. Öllu erfiðara er að skilgreina vörubíla eða þungavinnuvélarnar til tegunda.